

Hagsmunaaðilagreiningar

Hagsmunaaðilar – í nýjasta hugtakalyklinum, [smellið hér](#).

Úr gamla hugtakalyklinum um verkefnastjórnun, Verkefnisstjórnunarfélag Íslands.

Ath. að þetta er ekki úr nýjasta lyklinum. Ég kys að halda þessari útgáfu og senda ykkur m.a. vegna myndarinnar sem er ekki að finna í nýju útgáfunni.

Ath. að þetta er umfjöllun um hagsmunaaðila í VERKEFNUM.

Við hagsmunaaðilagreiningu í tengslum við **stefnumótun**, prófið þá að setja „starfsemi“ í staðinn fyrir „verkefni“ í textanum hér fyrir neðan.

1.4 Umgjörð verkefnis Project Context


Umgjörð verkefnis er oft stærsti áhrifavaldurinn um framvindu verkefnisins og árangur þess. Ýmsir þættir úr innra og ytra umhverfi verkefnisins koma þar við sögu. Sérhver þessara áhrifavalda, svo sem staðlar, skipulag og hefðir, skipta máli við tilurð og þróun verkefnis.

Dæmi um áhrifavalda eru (PESTLE greining):

- pólitik/stjórnsmál
- efnahagsmál
- samfélag
- tækni
- lög og reglugerðir
- náttúra og umhverfi

auk áhrifa vegna:

- menningar
- samningagerðar
- veðurfars
- landfræðilegra þátta



Þessir þættir móta það umhverfi sem verkefnisstjórninn vinnur í og geta ýmist stutt við eða takmarkað fullnustu markmiða verkefnis.

Hagsmunaaðilar eru þeir einstaklingar eða hópar einstaklinga sem eiga hlutdeild í verkefninu, hafa áhuga á framgangi verkefnisins, eða eru bundnir af verkefninu á einhvern hátt. Þeir hafa hagsmuna að gæta í árangri þess og í því umhverfi sem það starfar.

Dæmi um hagsmunaaðila eru: viðskiptavinir, verktakar, verkefnisstjóri, liðsmaður verkþóps, notandi afurða verkefnis, stuðningsmenn þess, íbúar, hagsmunasamtök, fjölmiðlar, stjórnkerfi og fjármálastofnanir.

Tímanleg greining og kerfisbundin **vöktun** á breiðum hópi jákvæðra (stuðningur) og neikvæðra (tafir, afskipti) áhrifavalda úr umhverfi verkefnis getur haft afgerandi áhrif á framvindu þess. Slík greining er jafnframt hluti af greiningu á hagsmunaaðilum og forsenda mats á áhrifum þeirra og ákvarðana um aðgerðir sem gripa þarf til. Loks er greiningin forsenda þess að skipuleggja og stýra umgjörð verkefnis til að ná markmiðum þess (t.d. vegna markaðssetningar á verkefninu eða kynningarmála).

Dæmi um módel til að fylla inn v/skilgreining hagsmunaaðila.

Athugið – að þetta er vegna verkefnisstjórnunar. Í tilviki stefnumótunar, skerið öftustu 2 dálkana frá – þá ættu fyrstu þrír dálkarnir að duga til að varpa ljósi á hverjir hagsm.aðilarnir eru í STARFSEMI SKIPUHEILDAR og hvað þeir gera. Síðan má spyrja spurninga eins og „hvaða augum lítur hagsm.aðilinn á starfsemina, hvernig upplifir hann þjónustuna” ... o.s.frv.

Dæmi:

Verkefni: Starfræksla dvalarheimilis (ekki enn samþ.) og tilheyrandi húsbygging

Hagsmunaaðili	Hlutverk/ Framlag	Væntingar hans	Mikilvægi (M)	Áhrif (Á)	Einkunn = MxÁ	Aðgerðir	Ábyrgð
Sjálfsseignarstofnunin NN	Verkefniseigandi	Að starfsemin og byggingin verði að veruleika	5	5	25	Vera í góðum tengslum, vinna að verkefninu í samræmi við væntingar NN	Verkefnishópur
Ríki	Samningsaðili, leyfisveitandi og fjárveitingarvald	Stytta biðlista og að þjónusta sé samkvæmt lögum	5	5	25	Vinna hugmyndinni pólitískt fylgi og vanda undirbúning	NN
Sveitarfélagið SS	Fá dvalarheimili fyrir íbúa sveitarfélagsins	Auknar atvinnutekjur og bætt þjónusta við íbúa	5	5	25	Góð kynning á verkefninu. Samráð á undirbúningsstigi	Verkefnisstjóri
Félagið ehf.	Skipuleggjandi svæðisins	Auka verðmæti svæðisins	4	3	12	Kynna framvindu verkefnis. Samráð á undirbúningsstigi	Verkefnisstjóri
Önnur sveitarfélög á landsvæðinu	Keppa um fjármagn til sambærilegra verkefna	Að fá að vera fyrir framan í goggunarröð vegna fjármagns	2	4	8	Vanda undirbúning og útfærslu tillagna . Afla pólitísku fylgis	Verkefnisstjóri
Eldri borgarar	Væntanlegir íbúar og notendur þjónustu	Þægilegt umhverfi, þjónusta og aðstaða	4	2	8	Gera vandaða þarfagreiningu og sníða framkvæmdaáætlun að þörfum þeirra	Verkefnisstjóri
Aðstandendur	Þrýstihópur	Að útvega öldruðum viðeigandi þjónustu	2	2	4	Engar	
Íbúar svæðisins	Nágrannar, fasteignaeigendur og notendur	Aukin samfélagsgæði	3	1	3	Engar	

Mikilvægi	5	Bráðnaðsynlegur	Áhrif	5	alger
	4	Nauðsynlegur		4	mikil
	3	þó nokkur		3	nokkur
	2	Æskilegur		2	lítil
	1	skiptir ekki máli		1	óveruleg

Tafla 1: Hagsmunaaðilagreining og skýring á gildum

Björg Ágústsdóttir, ýmislegt um hagsmunaaðilagreiningu.